

## Vinnulýsing á Íslandsverkefni

Hverjum bekk var skipt í 8 hópa og fékk hver hópur einn landshluta til að vinna með. Við byrjum á því að skoða bækur, góða vefi á netinu og margmiðlunardisk sem nemendur nýttu sér við upplýsingaöflunina.

Það verður að segjast eins og er að upplýsingaöflunin reyndi töluvert á þolrifin hjá nemendum því við leggjum áherslu á að ekki megi taka beint upp úr heimildum. Nemendur verða því að umorða eða endursegja það sem þau skrá hjá sér.

Þegar upplýsingaöfluninni var lokið var komið að því að útbúa glærur. Þá ákvað hópurinn í sameingu hvaða lykilorð ættu að fara á hverja glæru því það skiptir miklu máli að hafa eingöngu aðalatriðin á glærunum en tala síðan út frá þeim

Þegar aðalatriðin voru komin á glærurnar þá var komið að mjög skemmtilegum kafla en það var að leita að fallegum myndum sem pössuðu við hverja glæru. Skoða þurfti hverja mynd vel og velja þær sem auðvelt var að stækka án þess að hafa áhrif á gæði myndarinnar. Margir völdu að stækka myndirnar yfir alla glæruna og því skipti þetta miklu máli. Skoða þurfti vel hvort litur á letri kæmi þá nógu skýrt fram þegar myndin var á bak við og þurfti oft að prófa ýmsa liti á letri til þess að þetta kæmi sem best út.

Nemendum var kennt hvernig þeir gátu afritað mynd af landshlutanum sínum úr Google Earth og sett hana sem mynd á fyrstu glæruna.

Þegar glærurnar voru tilbúnar þá var komið að því að talsetja þær en nemendur skiptust á að tala inn á glærurnar allar upplýsingarnar sem þeir voru búnir að afla.

Eftir talsetninguna var komið að því að hver hópur veldi eina þjóðsögu sem tengdist landshlutanum þeirra. Nemendur áttu að lesa söguna og endursegja hana síðan. Með þjóðsögunni var sleginn endapunktur á þessa miklu vinnu.

Þetta var mjög krefjandi verkefni og reyndi mikið á samvinnu og góð vinnubrögð hjá nemendum. Nemendur stóðu sig vel og við erum þess fullviss að þau hafi lært mikið um landið okkar. Einnig hvernig meðhöndla eigi upplýsingar úr heimildum og hvernig hægt sé að koma þeim til skila á sem fjölbreyttastan hátt.

Helstu heimildir sem notaðar voru í þessu verkefni eru:

1. *Íslandsvefurinn* - <http://islandsvefurinn.is> hannaður af Jóhanni Ísberg
2. *Íslandshandbókin*: - margmiðlunardiskur - Ísland í kortum, máli og myndum. Gefinn út af Námsgagnastofnun
3. Vefurinn *Á ferð um Ísland*, unninn af nemendum Eyglóar Björnsdóttur
4. *Ferðahandbók fjölskyldunnar* eftir Bjarnheiði Hallsdóttur og Tómas Guðmundsson